

Sjúkraliðafélags Íslands
og
SPOEX/Samtök psoriasis og exemsjúklinga

Gera með sér eftirfarandi stofnanasamning

1. Inngangur

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annarsvegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, með gildistíma frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til sjúkraliða hjá Spoex sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands.

3. Forsendur röðunar og framkvæmd

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið stofnanasamningsins:

- Að efla samstarf sjúkraliða og starfsfólks Spoex til að tryggja betur gæði heilbrigðisþjónustunnar.
- Að veita sjúkraliðum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með aukna möguleika á bættum kjörum.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og styðja sjúkraliða sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna.
- Að stuðla að skilvirku launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum Spoex.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir sjúkraliða til áhrifa á framgang í starfi.
- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum.

4. Starfaflokkun og grunnröðun

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum sjúkraliða auk þeirrar færni sem þarf til að inna starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklýsingar og að öðru leyti mat á störfunum sem byggir eftir því sem unnt er á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa. Röðun byggir á að um viðvarandi verksvið sé að ræða.

Röðun starfa

	<u>lfl./þrep</u>
Sjúkraliði á fyrsta og öðru starfsári-----	29 – 1
Sjúkraliði eftir tvö ár -----	33 – 1
Sjúkraliði með sérnám-----	37 – 1
Deildarstjóri/Sjúkraliði -----	41 – 1

Starfspróun sjúkraliða á samningi Spoex

- Sjúkraliði, samkvæmt starfslýsingu
- Sjúkraliði sem, hefur lokið sérnámi

- Gildandi starfslýsingar fyrir framangreind störf verða unnar og munu fylgja samningi þessum.
- Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

5. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun einstaklinga í launaflokka

- Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun sjúkraliða, einni önn á sérsviði, sem nýtist í viðkomandi starfi samkvæmt mati samstarfsnefndar SLFÍ og Spoex hækkar um 1 þrep.
- Sjúkraliði sem lokið hefur símenntun og fengið námskeiðsstundir metnar í samstarfsnefnd SLFÍ og Spoex (sbr. reglur matsnefndar) hækkar um:
 - eitt þrep fyrir 70 stunda nám,
 - eitt þrep til viðbótar fyrir 140 stunda nám,
 - eitt þrep til viðbótar fyrir 210 stunda nám,
 - eitt þrep til viðbótar fyrir 280 stunda nám
 - eitt þrep til viðbótar fyrir 350 stunda nám
- Sjúkraliði í starfi hjá Spoex skal hækka sem hér segir:
Eftir 5 ár í starfi hjá Spoex hækkar sjúkraliði um tvo launaflokka
Eftir 10 ár í starfi hjá Spoex hækkar sjúkraliði um tvo launaflokka
Eftir 15 ár í starfi hjá Spoex hækkar sjúkraliði um tvo launaflokka

Persónu- og tímabundnir þættir:

a) Sjúkraliði og deildarstjóri

Ef starfinu fylgir sérstök ábyrgð er heimilt að hækka starfsmann um eitt eða fleiri álagsþrep, tímabundið eða varanlega.

b) Launarýni

Launarýni skal unnin hjá öllum sjúkraliðum að lágmarki á tveggja ára fresti.

Í launarýni skal sérstaklega litið til árangurs viðkomandi starfsmanns í starfi með hliðsjón af markmiðum sem sett hafa verið í starfsmannasamtölum annars vegar og starfsáætlun starfsstöðvar eða verkefnis hins vegar.

Niðurstaða launarýnis skal kynnt svo fljótt sem auðið er.

Réttur til endurmats á röðun

Í samræmi við stefnu Spoex, á sjúkraliði rétt á starfsmannasamtali á 18 mánaða fresti. Þar skal m.a. meta hvort starfslýsing sé rétt og þar með röðun starfs m.t.t. hvort breyting hafi orðið á starfi eða starfssviði frá því það var metið síðasta

Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2023

Að öðru leiti er vísað til þess samkomulags sem Sjúkraliðafélag Íslands og Spoex hafa undirritað, um að kjarasamningur sem félagið samdi um við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins gildi um sjúkraliða sem starfa hjá Spoex.

Reykjavík 12. júní 2023

RAFRÆN UNDIRRITUN Á FORSÍÐU

F.h. Sjúkraliðafélags Íslands,
Sandra B. Franks, Gunnar Örn Gunnarsson

F.h. Spoex, með fyrirvara um samþykki stjórnar,
Arnhófr Jón Egilsson